

Þingskjal 199 — 196. mál.

Umsögn SAVÍST um tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist; **SAVÍST** eru samtök stærstu stofnana og helstu atvinnuveitenda listamanna í sviðslistum og tónlist (performing arts) og mynda forsvarsmenn þeirra stjórn samtakanna.

Stofnaðilar eru; Borgarleikhúsið / Leikfélag Reykjavíkur, Íslenska óperan, Íslenski dansflokkurinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið.

Markmið samtakanna er að efla sviðslistir og listflutning á Íslandi og standa vörð um starfsumhverfi þeirra stofnana og félaga sem starfa innan þeirra og vera málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum.

Það er einnig markmið að samtökin séu stjórnvöldum og opinberum aðilum til ráðgjafar um ýmis mál er varða stofnanir, félög og atvinnustarfsemi listamanna í sviðslistum og tónlist og taki þátt í tillögugerð og stefnumótun á sviði lista og menningar á breiðum grunvelli.

Að auki taka samtökin þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist.

Í stjórn samtakanna sitja Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri, formaður; Stefán Baldursson, óperustjóri, ritari, Þorsteinn S. Ásmundsson, framkvæmdastjóri LR; Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri, ÍD; Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri SÍ.

Umsögn


Samtökin fagna fram kominni tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu og þeim vilja löggjafans að marka aðkomu ríkisins að list- og menningarstarfi stefnu og skilgreina leiðarljós.


Hlutverk ríkisins í menningarmálum snýr einkum að því að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningar og því taka samtökin undir það sjónarmið að mikilvægt sé að stjórnvöld vandi aðkomu sína að þessum málaflokkum og hafi virkt samráð við sem flesta aðila á menningarsviðinu. Samtökin lýsa sig reiðubúin til slíks samráðs, enda mikilvægt að fulltrúar helstu lykilstofnana og þeirra aðila sem bera hvað mesta listræna og fjárhagslega ábyrgð á atvinnustarfsemi í listum og listflutningi komi að frekari stefnumótun.


Í tillögunni er lögð sérstök áhersla á mikilvægi menningarstofnana í samfélaginu og þeim lagðar mjög ríkar skyldur á herðar. Því fagna samtökin en vilja um leið undirstrika mikilvægi þess að þær njóti stuðnings til að geta sinnt þessu viðtæka hlutverki og þar með rækt skyldur sínar við almenning í landinu.


Reykjavík, 14. nóvember 2012

Fyrir hönd SAVÍST,


Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri


Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri SÍ.


Stefán Baldursson, óperustjóri


Sigrún L. Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri, ÍD

Þorsteinn S. Ásmundsson framkvæmdastjóri LR

